

Samráðsfundur

Dags: 8. Sept. 2008, kl. 15:30

Aðili: Landvernd

Fulltrúar: Guðrún Tryggvadóttir, Sigrún María Kristinsdóttir, Bergur Sigurðsson, frksvtj.,
Björgólfur Thorsteinsson, Sveinbjörn Björnsson.

Tengiliðir: landvernd@landvernd.is

Viðstaddir stjórnarmenn: Svanfríður Jónasdóttir, Kristín Linda Ásgeirsdóttir. Þorsteinn Tómasson
Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Steinunn Fjóla Sigurðardóttir, Tómas Þór Tómasson.

1. Fulltrúar Landverndar (L) leggja mikið upp úr vinnu við Rammaáætlun og hafa lengi gert. „Okkar hagur að vinnan gangi sem best.“ L er tilbúið að leggja lið við kynningarstarf, t.d. að koma að kynningarfundum og jafnvel heimasíðu. Hins vegar sé naumur tími til stefnu. Formaður verkefnastjórnar sagði að þetta tilboð yrði tekið til skoðunar en ákveðið hefði verið að setja á stofn heimasíðu undir nafni Rammaáætlunar. Jafnframt að aðferðafræðin yrði kynnt á sameiginlegum fundum.
2. L sagði skorta lista yfir háhitasvæði, hvaða svæði eru undir? Formaður svaraði og benti á að listi úr Framvinduskýrslu frá 2007 lægi fyrir. Enn hafi ekki verið farið yfir þann lista um hvaða svæði munu berða tekin mats og hver ekki.
3. L lagði áherslu á að flýta yrði vinnunni því á meðan verið er að liggja yfir heildaráætlun og forgangsröð gangi framkvæmdaraðilar fram og halda áfram að virkja.
4. Sveinbjörn (L) benti á að sú röðun sem varð ofan í 1. áfanga gæti hafa breyst því röðin væri háð því hvað hefði gerst síðan og tæki sífelldum breytingum eftir því sem tíma og framkvæmdum fleytti fram.
5. Rætt var um landsskipulag og það er mikið áhugamál L að sú skipan nái fram að ganga en undast andstöðu sveitarstjórna og sumra stjórnámálanna. Spyrja hver verði staða Rammaáætlunar ef landsskipulagið fari ekki í gegn? Verkefnastjórn hafði engin svör við því.
6. L taldi e.t.v. mikilvægast að þegar til kastanna komi sé að fá stjórnámálamenn og framkvæmdaaðila til að taka niðurstöðu Rammaáætlunar alvarlega.
7. L benti á mikilvægi þess að upplýsa og fræða fjölmiðla um stöðu mála, hvar ferlið sé statt, hver staðan er og hvað sé undir. L telur fjölmiðla illa upplýsta en þeir stjórna engu að síður umræðunni. Erfitt geti verið að fá þá til að mæta á upplýsinga- og fræðslufundi en ef umbúðirnar séu réttar – „fréttæmt“ – þá ætti það að vera hægt.
8. L er tilbúið að senda tillögur og skoðanir sínar á handvalningu í faghópa.
9. Þann 21. okt. mun L standa að ráðstefnunni „Orka og samfélag: „Socially beneficial [Social benefits!] of utilization of energy resources in Iceland“ með íslenskum og erlendum fyrirlesurum. Verkefnastjórninni er boðið að sækja þessa ráðstefnu.